

Íslenska fyrir alla **1-4**

# MÁLFRÆÐIYFIRLIT

SÓLBORG JÓNSDÓTTIR OG  
PORBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR



nf = nefnifall    þf = þolfall    þgf = þágufall    ef = eignarfall  
 et = eintala    ft = fleirtala  
 kk = karlkyn    kvk = kvenkyn    hk = hvorugkyn  
 pers. = persóna

**Fallorð**

**Persónufornöfn**

		1. pers.	2. pers.	3. pers.		
<i>eintala</i>	<b>nf</b>	ég	þú	hann	hún	það
	<b>þf</b>	mig	þig	hann	hana	það
	<b>þgf</b>	mér	þér	honum	henni	því
	<b>ef</b>	mín	þín	hans	hennar	þess
<i>fleirtala</i>	<b>nf</b>	við	þið	þeir	þær	þau
	<b>þf</b>	okkur	ykkur	þá	þær	þau
	<b>þgf</b>	okkur	ykkur	þeim	þeim	þeim
	<b>ef</b>	okkar	ykkar	þeirra	þeirra	þeirra

**Eignarfornöfn**

		Karlkyn			Kvenkyn			Hvorugkyn		
<i>eintala</i>	<b>nf</b>	minn	þinn	sinn	mín	þín	sín	mitt	þitt	sitt
	<b>þf</b>	minn	þinn	sinn	mína	þína	sína	mitt	þitt	sitt
	<b>þgf</b>	mínum	þínum	sínum	minni	þinni	sinni	mínu	þínu	sínu
	<b>ef</b>	míns	þíns	síns	minnar	þinnar	sinnar	míns	þíns	síns
<i>fleirtala</i>	<b>nf</b>	mínir	þínir	sínir	mínar	þínar	sínar	mín	þín	sín
	<b>þf</b>	mína	þína	sína	mínar	þínar	sínar	mín	þín	sín
	<b>þgf</b>	mínum	þínum	sínum	mínum	þínum	sínum	mínum	þínum	sínum
	<b>ef</b>	minna	þinna	sinna	minna	þinna	sinna	minna	þinna	sinna

**Dæmi:**

Þetta er bíllinn **minn**.  
 Þetta er bókin **mín**.  
 Þetta er barnið **mitt**.

Ég keyri bíllinn **minn**.  
 Ég les bókina **mína**.  
 Ég kyssi barnið **mitt**.

Ég henti bílnum **mínum**.  
 Ég loka bókinni **minni**.  
 Ég hjálpa barninu **mínu**.

**Hann – hans - sinn**

Þetta er bíllinn **hans**.  
 Þetta er bókin **hans**.  
 Þetta er barnið **hans**.

Hann keyrir bíllinn **sinn**.  
 Hann les bókina **sína**.  
 Hann kyssir barnið **sitt**.

Hann lagði bílnum **sínum**.  
 Hann skilaði bókinni **sinni**.  
 Hann hjálpaði barninu **sínu**.

**Hún – hennar - sinn**

Þetta er bíllinn **hennar**.  
 Þetta er bókin **hennar**.  
 Þetta er barnið **hennar**.

Hún keypti bíllinn **sinn**.  
 Hún skrifaði bókina **sína**.  
 Hún elskar barnið **sitt**.

Hún keyrði á bílnum **sínum**.  
 Hún las upp úr bókinni **sinni**.  
 Hún sat hjá barninu **sínu**.

## Spurnarfornöfn

	Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn
<i>eintala</i>			
<b>nf</b>	hver	hver	hvert/hvað
<b>þf</b>	hvern	hverja	hvert/hvað
<b>þgf</b>	hverjum	hverri	hverju
<b>ef</b>	hvers	hverrar	hvers
<i>fleirtala</i>			
<b>nf</b>	hverjir	hverjar	hver
<b>þf</b>	hverja	hverjar	hver
<b>þgf</b>	hverjum	hverjum	hverjum
<b>ef</b>	hverra	hverra	hverra
	Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn
<i>eintala</i>			
<b>nf</b>	hvor	hvor	hvort
<b>þf</b>	hvorn	hvora	hvort
<b>þgf</b>	hvorum	hvorri	hvoru
<b>ef</b>	hvors	hvorrar	hvors
<i>fleirtala</i>			
<b>nf</b>	hvorir	hvorar	hvor
<b>þf</b>	hvora	hvorar	hvor
<b>þgf</b>	hvorum	hvorum	hvorum
<b>ef</b>	hvorra	hvorra	hvorra

## Fleiri fornöfn

	Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn
<i>eintala</i>			
<b>nf</b>	enginn	engin	ekkert
<b>þf</b>	engan	enga	ekkert
<b>þgf</b>	engum	engri	engu
<b>ef</b>	einskis	engrar	einskis
<i>fleirtala</i>			
<b>nf</b>	engir	engar	engin
<b>þf</b>	enga	engar	engin
<b>þgf</b>	engum	engum	engum
<b>ef</b>	engra	engra	engra
	Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn
<i>eintala</i>			
<b>nf</b>	allur	öll	allt
<b>þf</b>	allan	alla	allt
<b>þgf</b>	öllum	allri	öllu
<b>ef</b>	alls	allrar	alls
<i>fleirtala</i>			
<b>nf</b>	allir	allar	öll
<b>þf</b>	alla	allar	öll
<b>þgf</b>	öllum	öllum	öllum
<b>ef</b>	allra	allra	allra

## Nafnorð: Algengar beygingar

	Karlkyn		Kvenkyn		Hvorugkyn	
	<i>eintala</i>	<i>fleirtala</i>	<i>eintala</i>	<i>fleirtala</i>	<i>eintala</i>	<i>fleirtala</i>
<b>nf</b>	penni- <b>nn</b>	penn <b>ar</b> -nir	stelpa- <b>n</b>	stelpur- <b>nar</b>	borð- <b>ið</b>	borð- <b>in</b>
<b>þf</b>	penna- <b>nn</b>	penna- <b>na</b>	stelpu- <b>na</b>	stelpur- <b>nar</b>	borð- <b>ið</b>	borð- <b>in</b>
<b>þgf</b>	penna- <b>num</b>	pennu( <b>m</b> )- <b>num</b>	stelpu- <b>nni</b>	stelpu( <b>m</b> )- <b>num</b>	borði- <b>nu</b>	borðu( <b>m</b> )- <b>num</b>
<b>ef</b>	penna- <b>ns</b>	penna- <b>nna</b>	stelpu- <b>nnar</b>	stelpna- <b>nna</b>	borðs- <b>ins</b>	borða- <b>nna</b>
<b>nf</b>	strákur- <b>inn</b>	strákar- <b>nir</b>	æfing- <b>in</b>	æfingar- <b>nar</b>	barn- <b>ið</b>	börn- <b>in</b>
<b>þf</b>	strák- <b>inn</b>	stráka- <b>na</b>	æfingu- <b>na</b>	æfingar- <b>nar</b>	barn- <b>ið</b>	börn- <b>in</b>
<b>þgf</b>	strák( <b>i</b> )- <b>num</b>	stráku( <b>m</b> )- <b>num</b>	æfingu- <b>nni</b>	æfingu( <b>m</b> )- <b>num</b>	barni- <b>nu</b>	börnu( <b>m</b> )- <b>num</b>
<b>ef</b>	stráks- <b>ins</b>	stráka- <b>nna</b>	æfingar- <b>innar</b>	æfinga- <b>nna</b>	barns- <b>ins</b>	barna- <b>nna</b>
<b>nf</b>	bíll- <b>inn</b>	bílar- <b>nir</b>	mynd- <b>in</b>	myndir- <b>nar</b>	epli- <b>ð</b>	epli- <b>n</b>
<b>þf</b>	bíl- <b>inn</b>	bíla- <b>na</b>	mynd- <b>ina</b>	myndir- <b>nar</b>	epli- <b>ð</b>	epli- <b>n</b>
<b>þgf</b>	bíl( <b>i</b> )- <b>num</b>	bílu( <b>m</b> )- <b>num</b>	mynd- <b>inni</b>	myndu( <b>m</b> )- <b>num</b>	epli- <b>nu</b>	eplu( <b>m</b> )- <b>num</b>
<b>ef</b>	bíls- <b>ins</b>	bíla- <b>nna</b>	myndar- <b>innar</b>	mynda- <b>nna</b>	eplis- <b>ins</b>	epla- <b>nna</b>
<b>nf</b>	steinn- <b>inn</b>	steinar- <b>nir</b>	bók- <b>in</b>	bækur- <b>nar</b>	auga- <b>ð</b>	augu- <b>n</b>
<b>þf</b>	stein- <b>inn</b>	steina- <b>na</b>	bók- <b>ina</b>	bækur- <b>nar</b>	auga- <b>ð</b>	augu- <b>n</b>
<b>þgf</b>	steini- <b>num</b>	steinu( <b>m</b> )- <b>num</b>	bók- <b>inni</b>	bóku( <b>m</b> )- <b>num</b>	auga- <b>nu</b>	augu( <b>m</b> )- <b>num</b>
<b>ef</b>	steins- <b>inss</b>	steina- <b>nna</b>	bókar- <b>innar</b>	bóka- <b>nna</b>	auga- <b>ns</b>	augna- <b>nna</b>

## Lýsingarorð: Veik beyging

	Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn
<i>eintala</i>	<i>hár/góður/fyndinn</i>	<i>há/góð/fyndin</i>	<i>hátt/gott/fyndið</i>
<b>nf</b>	hái/góði/fyndni	háa/góða/fyndna	háa/góða/fyndna
<b>þf</b>	háa/góða/fyndna	háu/góðu/fyndnu	háa/góða/fyndna
<b>þgf</b>	háa/góða/fyndna	háu/góðu/fyndnu	háa/góða/fyndna
<b>ef</b>	háa/góða/fyndna	háu/góðu/fyndnu	háa/góða/fyndna
<i>fleirtala</i>	<i>háir/góðir/fyndnir</i>	<i>háar/góðar/fyndnar</i>	<i>há/góð/fyndin</i>
<b>nf</b>	háu/góðu/fyndnu	háu/góðu/fyndnu	háu/góðu/fyndnu
<b>þf</b>	háu/góðu/fyndnu	háu/góðu/fyndnu	háu/góðu/fyndnu
<b>þgf</b>	háu/góðu/fyndnu	háu/góðu/fyndnu	háu/góðu/fyndnu
<b>ef</b>	háu/góðu/fyndnu	háu/góðu/fyndnu	háu/góðu/fyndnu

### Dæmi:

**Pessi hái** maður heitir Jón./**Hái** maðurinn heitir Jón.

Ég er að tala um **háa, góða** strákinn.

**Pessi háa** kona er systir mín./**Háa** konan er systir mín.

**Fyndnu** stelpurnar fóru til **góða** stráksins.

**Petta háa** tré er til sýnis./**Háa** tréð er til sýnis.

**Góða** barnið grætur ekki.

**Fyndnu** börnin hlæja mikið.

## Lýsingarorð: Sterk beyging

Karlkyn						
et.	<b>nf</b>	<b>góður</b>	<b>grannur</b>	<b>hár</b>	<b>grænn</b>	<b>fyndinn</b>
	<b>þf</b>	<b>góðan</b>	<b>grannan</b>	<b>háan</b>	<b>grænan</b>	<b>fyndinn</b>
	<b>þgf</b>	<b>góðum</b>	<b>grönnum</b>	<b>háum</b>	<b>grænum</b>	<b>fyndnum</b>
	<b>ef</b>	<b>góðs</b>	<b>granns</b>	<b>hás</b>	<b>græns</b>	<b>fyndins</b>
ft.	<b>nf</b>	<b>góðir</b>	<b>grannir</b>	<b>háir</b>	<b>grænir</b>	<b>fyndnir</b>
	<b>þf</b>	<b>góða</b>	<b>granna</b>	<b>háa</b>	<b>græna</b>	<b>fyndna</b>
	<b>þgf</b>	<b>góðum</b>	<b>grönnum</b>	<b>háum</b>	<b>grænum</b>	<b>fyndnum</b>
	<b>ef</b>	<b>góðra</b>	<b>grannra</b>	<b>hárra</b>	<b>grænna</b>	<b>fyndinna</b>
Kvenkyn						
et.	<b>nf</b>	<b>góð</b>	<b>grönn</b>	<b>há</b>	<b>græn</b>	<b>fyndin</b>
	<b>þf</b>	<b>góða</b>	<b>granna</b>	<b>háa</b>	<b>græna</b>	<b>fyndna</b>
	<b>þgf</b>	<b>góðri</b>	<b>grannri</b>	<b>hárrí</b>	<b>grænni</b>	<b>fyndinni</b>
	<b>ef</b>	<b>góðrar</b>	<b>grannrar</b>	<b>hárrar</b>	<b>grænnar</b>	<b>fyndinnar</b>
ft.	<b>nf</b>	<b>góðar</b>	<b>grannar</b>	<b>háar</b>	<b>grænar</b>	<b>fyndnar</b>
	<b>þf</b>	<b>góðar</b>	<b>grannar</b>	<b>háar</b>	<b>grænar</b>	<b>fyndnar</b>
	<b>þgf</b>	<b>góðum</b>	<b>grönnum</b>	<b>háum</b>	<b>grænum</b>	<b>fyndnum</b>
	<b>ef</b>	<b>góðra</b>	<b>grannra</b>	<b>hárra</b>	<b>grænna</b>	<b>fyndinna</b>
Hvorugkyn						
et.	<b>nf</b>	<b>gott</b>	<b>grannt</b>	<b>hátt</b>	<b>grænt</b>	<b>fyndið</b>
	<b>þf</b>	<b>gott</b>	<b>grannt</b>	<b>hátt</b>	<b>grænt</b>	<b>fyndið</b>
	<b>þgf</b>	<b>góðu</b>	<b>grönnu</b>	<b>háu</b>	<b>grænu</b>	<b>fyndnu</b>
	<b>ef</b>	<b>góðs</b>	<b>granns</b>	<b>hás</b>	<b>græns</b>	<b>fyndins</b>
ft.	<b>nf</b>	<b>góð</b>	<b>grönn</b>	<b>há</b>	<b>græn</b>	<b>fyndin</b>
	<b>þf</b>	<b>góð</b>	<b>grönn</b>	<b>há</b>	<b>græn</b>	<b>fyndin</b>
	<b>þgf</b>	<b>góðum</b>	<b>grönnum</b>	<b>háum</b>	<b>grænum</b>	<b>fyndnum</b>
	<b>ef</b>	<b>góðra</b>	<b>grannra</b>	<b>hárra</b>	<b>grænna</b>	<b>fyndinna</b>

### Dæmi:

Ég horfði á **fyndinn** þátt í gær.

Ég er oft í **grænni** peysu.

Ég var að lesa **fyndið** slúður.

Það voru **góðir** þættir í sjónvarpinu í gær.

Konurnar voru **háar** og **grannar**.

Eplin eru **græn** og **góð**.



### Hvað segir Fríða frænka?

Kíktu á [www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is)

Þar sérðu beygingar á íslenskum orðum.

Skoðaðu beygingar fleiri fornafna,  
t.d. sumur og nokkur.

## Sambeyging lýsingarorða og nafnorða

Föll	Karlkyn <i>eintala</i>	Kvenkyn <i>eintala</i>	Hvorugkyn <i>eintala</i>
<b>nefnifall</b>	<i>þetta er ...</i> <b>rauður</b> jakki/trefill <b>blár</b> jakki/trefill	<i>þetta er ...</i> <b>rauð</b> peysa/húfa <b>blá</b> peysa/húfa	<i>þetta er ...</i> <b>rautt</b> vesti/bindi <b>blátt</b> vesti/bindi
<b>þolfall</b>	<i>hann/hún er með...</i> <b>rauðan</b> trefil <b>bláan</b> trefil	<i>hann/hún er með...</i> <b>rauða</b> húfu <b>bláa</b> húfu	<i>hann/hún er með...</i> <b>rautt</b> bindi <b>blátt</b> bindi
<b>þágufall</b>	<i>hann/hún er í ...</i> <b>rauðum</b> jakka <b>bláum</b> jakka	<i>hann/hún er í ...</i> <b>rauðri</b> peysu <b>blárri</b> peysu	<i>hann/hún er í ...</i> <b>rauðu</b> vesti <b>bláu</b> vesti

Föll	Karlkyn <i>fleirtala</i>	Kvenkyn <i>fleirtala</i>	Hvorugkyn <i>fleirtala</i>
<b>nefnifall</b>	<i>þetta eru ...</i> <b>rauðir</b> skór/eyrnalokkar <b>bláir</b> skór/eyrnalokkar	<i>þetta eru ...</i> <b>rauðar</b> buxur/spennur <b>bláar</b> buxur/spennur	<i>þetta eru ...</i> <b>rauð</b> föt/gleraugu <b>blá</b> föt/gleraugu
<b>þolfall</b>	<i>hann/hún er með...</i> <b>rauða</b> eyrnalokka <b>bláa</b> eyrnalokka	<i>hann/hún er með...</i> <b>rauðar</b> spennur <b>bláar</b> spennur	<i>hann/hún er með...</i> <b>rauð</b> gleraugu <b>blá</b> gleraugu
<b>þágufall</b>	<i>hann/hún er í ...</i> <b>rauðum</b> skóm <b>bláum</b> skóm	<i>hann/hún er í ...</i> <b>rauðum</b> buxum <b>bláum</b> buxum	<i>hann/hún er í ...</i> <b>rauðum</b> fötum <b>bláum</b> fötum

## Stigbreyting lýsingarorða

Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn
<b><i>eintala</i></b>		
fallegur – falletgri – fallegastur	falleg – falletgri – fallegust	falletgt – falletgra – falletgast
kaldur – kaldari – kaldastur	köld – kaldari – köldust	kalt – kaldara – kaldast
fyndinn – fyndnari – fyndnastur	fyndin – fyndnari – fyndnust	fyndið – fyndnara – fyndnast
<b><i>fleirtala</i></b>		
falletgir – falletgri – falletgastir	falletgar – falletgri – falletgastar	falletg – falletgri – falletgust
kaldir – kaldari – kaldastir	kaldar – kaldari – kaldastar	köld – kaldari – köldust
fyndnir – fyndnari – fyndnastir	fyndnar – fyndnari – fyndnastar	fyndin – fyndnari – fyndnust

## Stigbreyting – óregluleg lýsingarorð

Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn
<b>eintala</b>		
góður - betri - bestur vondur - verri - verstur ungur - yngri - yngstur gamall - eldri - elstur stór - stærri - stærstur lítill - minni - minnstur	góð - betri - best vond - verri - verst ung - yngri - yngst gömul - eldri - elst stór - stærri - stærst lítil - minni - minnst	gott - betra - best vont - verra - verst ungt - yngra - yngst gamalt - eldra - elst stórt - stærra - stærst lítið - minna - minnst
<b>fleirtala</b>		
góðir - betri - bestir vondir - verri - verstir ungir - yngri - yngstir gamlir - eldri - elstir stórir - stærri - stærstir litlir - minni - minnstir	góðar - betri - bestar vondar - verri - verstar ungar - yngri - yngstar gamlar - eldri - elstar stórar - stærri - stærstar litlar - minni - minnstar	góð- betri - best vond - verri - verst ung - yngri - yngst gömul - eldri - elst stór - stærri - stærst lítil - minni - minnst

atviksorð	lýsingarorð	dæmi
mjög	góður/góð/gott	Jón er <b>mjög góður</b> í ensku.
miklu	betri/betri/betra	Anna er <b>miklu betri</b> í stærðfræði en Siggi.
lang-	bestur/best/best	Veðrið er <b>langbest</b> á Egilsstöðum af öllum stöðum!

## Lýsingarorð: margur – fleirtala

Frumstig: Sterk beyging			
	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	margir	margar	mörg
<b>þolfall</b>	marga	margar	mörg
<b>þágufall</b>	mörgum	mörgum	mörgum
<b>eignarfall</b>	margra	margra	margra
Miðstig: Veik beyging			
<b>nf, þf, þgf, ef: kk – kvk – hk: fleiri</b>			
<b>Dæmi:</b> Það búa <b>fleiri</b> konur en karlar á Íslandi. Jón á <b>fleiri</b> börn en Siggi.			
Efsta stig: Sterk beyging			
	<b>kk</b>	<b>kvk</b>	<b>hk</b>
<b>nefnifall</b>	flestir	flestar	flest
<b>þolfall</b>	flesta	flestar	flest
<b>þágufall</b>	flestum	flestum	flestum
<b>eignarfall</b>	flestra	flestra	flestra

## Töluorð

	kk	kvk	hk
<b>nefnifall</b>	einn	ein	eitt
<b>þolfall</b>	einn	eina	eitt
<b>þágufall</b>	einum	einni	einu
<b>eignarfall</b>	eins	einnar	eins
<b>nefnifall</b>	tveir	tvær	tvö
<b>þolfall</b>	tvo	tvær	tvö
<b>þágufall</b>	<i>tveimur</i>	<i>tveimur</i>	<i>tveimur</i>
<b>eignarfall</b>	<i>tveggja</i>	<i>tveggja</i>	<i>tveggja</i>
<b>nefnifall</b>	þrír	þrjár	þrjú
<b>þolfall</b>	þrjá	þrjár	þrjú
<b>þágufall</b>	<i>þremur</i>	<i>þremur</i>	<i>þremur</i>
<b>eignarfall</b>	<i>þriggja</i>	<i>þriggja</i>	<i>þriggja</i>
<b>nefnifall</b>	fjórir	fjórar	fjögur
<b>þolfall</b>	fjóra	fjórar	fjögur
<b>þágufall</b>	<i>fjórum</i>	<i>fjórum</i>	<i>fjórum</i>
<b>eignarfall</b>	<i>fjögurra</i>	<i>fjögurra</i>	<i>fjögurra</i>

### Dæmi:

Þetta er **einn** maður/**ein** kona/**eitt** barn.

Ég á **einn** son/**eina** dóttur/**eitt** barn.

Ég kom fyrir **einum** mánuði/**einni** viku/**einu** ári.

Hann er **eins** mánaðar/**einnar** viku/**eins** árs gamall.

Þetta eru **tveir** menn/**tvær** konur/**tvö** börn.

Ég á **tvo** syni/**tvær** dætur/**tvö** börn.

Ég kom fyrir **tveimur** mánuðum/vikum/árum síðan.

Hann er **tveggja** mánaða/vikna/ára gamall.

Þetta eru **þrír** menn/**þrjár** konur/**þrjú** börn.

Ég á **þrjá** syni/**þrjár** dætur/**þrjú** börn.

Ég kom fyrir **þremur** mánuðum/vikum/árum síðan.

Hún er **þriggja** mánaða/vikna/ára gömul.

Þetta eru **fjórir** menn/**fjórar** konur/**fjögur** börn.

Ég á **fjóra** syni/**fjórar** dætur/**fjögur** börn.

Ég kom fyrir **fjórum** mánuðum/vikum/árum síðan.

Hann er **fjögurra** mánaða/vikna/ára gamall.

## Tölur – aldur

<b>Hann/hún er ...</b>	20 ára =	<b>Hann er ...</b>	tvítugur	<b>Hún er ...</b>	tvítug
	30 ára =		þrítugur		þrítug
	40 ára =		fertugur		fertug
	50 ára =		fimmtugur		fimmtug
	60 ára =		sextugur		sextug
	70 ára =		sjötugur		sjötug
	80 ára =		áttæður		áttæð
	90 ára =		níráður		níráð
	100 ára =		tíráður		tíráð



## Háar tölur og kyn

Karlkyn <i>milljarður</i>		Kvenkyn <i>milljón</i>	
1.000.000.000	<b>einn</b> milljarður	1.000.000	<b>ein</b> milljón
2.000.000.000	<b>tveir</b> milljarðar	2.000.000	<b>tvær</b> milljónir
3.000.000.000	<b>þrír</b> milljarðar	3.000.000	<b>þrjár</b> milljónir
4.000.000.000	<b>fjórir</b> milljarðar	4.000.000	<b>fjórar</b> milljónir
5.000.000.000	<b>fimm</b> milljarðar	5.000.000	<b>fimm</b> milljónir

Hvorugkyn <i>hundrað og þúsund</i>			
100	<b>eitt</b> hundrað	1000	<b>eitt</b> þúsund
200	<b>tvö</b> hundruð	2000	<b>tvö</b> þúsund
300	<b>þrjú</b> hundruð	3000	<b>þrjú</b> þúsund
400	<b>fjögur</b> hundruð	4000	<b>fjögur</b> þúsund
500	<b>fimm</b> hundruð	5000	<b>fimm</b> þúsund

## Raðtölur

	Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn
1.	fyrsti	fyrsta	fyrsta
2.	annar	önnur	annað
3.	þriðji	þriðja	þriðja
4.	fjórði	fjórða	fjórða
5.	fimmti	fimmta	fimmta
6.	sjötti	sjötta	sjötta
7.	sjöundi	sjöunda	sjöunda
8.	áttundi	áttunda	áttunda
9.	níundi	níunda	níunda
10.	tíundi	tíunda	tíunda
11.	ellefti	ellefta	ellefta
12.	tólfti	tólfta	tólfta
13.	þrettándi	þrettánda	þrettánda
14.	fjórtándi	fjórtánda	fjórtánda
15.	fimmtándi	fimmtánda	fimmtánda
16.	sextándi	sextánda	sextánda
17.	sautjándi	sautjánda	sautjánda
18.	átjándi	átjánda	átjánda
19.	nítjándi	nítjánda	nítjánda
20.	tuttugasti	tuttugasta	tuttugasta
21.	tuttugasti og fyrsti	tuttugasta og fyrsta	tuttugasta og fyrsta
30	þrítugasti	þrítugasta	þrítugasta
31.	þrítugasti og fyrsti	þrítugasta og fyrsta	þrítugasta og fyrsta

### Dæmi:

Í dag er fimmti maí. Ég á afmæli fimmta október.

Í gær var **annar** febrúar. Ég fer til Suður-Afríku **annan** mars.

# Sagnorð

## Sagnareglur: Nútíð

Regla	1	2	3	4	5
(nafnháttur) <i>að</i>	<i>tala</i>	<i>læra</i>	<i>vinna/koma</i>	<i>fá</i>	<i>fara/lesa</i>
ég	tala	læri	vinn/kem	fæ	fer/les
þú	talar	lærir	vinnur/kemur	færð	ferð/lest
hann	talar	lærir	vinnur/kemur	fær	fer/les
hún	talar	lærir	vinnur/kemur	fær	fer/les
það	talar	lærir	vinnur/kemur	fær	fer/les
við	tölum	lærum	vinnum/komum	fáum	förum/lesum
þið	talið	lærið	vinnið/komið	fáið	farið/lesið
þeir	tala	læra	vinna/koma	fá	fara/lesa
þær	tala	læra	vinna/koma	fá	fara/lesa
þau	tala	læra	vinna/koma	fá	fara/lesa
<b>Fleiri sagnir:</b>					
Regla	1	2	3	4	5
Athugaðu! Í öllum sögnum breytist <b>a → ö</b> ef það er /u/ í endingunni  <b>Dæmi:</b> tala* <sup>1</sup> við tölum fara* <sup>5</sup> við förum	baka, borða borga, bursta, byrja, dansa, elda, elska, hata, hita, hjálpa, hlusta, hoppa, hugsa, kalla, klappa, kosta, labba, lána, langa, leita, loka, mála, nota opna, prjóna, safna, sauma, skamma, skoða, skrifa, skúra, sofna, spila, stafa, stjórna, strauja, svara, tala, tapa, teikna, toga, vakna, þakka, ætla	bæta, birta, breyta, brosa, færa, fylgja, gera, gleyma, greiða, hætta, heita, heyra, horfa, hringja, kaupa, kenna, keyra, kyssa, læra, læsa, lifa, lýsa, nenna, ræða, reyna, reykja, sækja, segja, senda, skipta, synda, sýna, vaka, veita, virða, þekkja, þykja	ákveða, bíða, biðja, bíta, bjóða, brjóta, bregða, detta, draga, drekka, falla, fela, finna, fljúga, flytja, ganga, gefa, geta, gráta, grípa, hafá, halda, hefja, hlaupa, hljóta, hverfa, koma, láta, leggja, leika, líða, liggja, líta, ljúga, ljúka, ráða, reka, renna, selja, setja, sitja, skilja, skreppa, sofa, standa, syngja, taka, telja, velja, verða, vinna	búa, fá hlæja, ná, snúa, þvo*, sjá* ----- (*þvo - ég þvæ)  (*sjá - ég sé)	bera, fara, lesa, kjósa, smyrja, spyrja
			Reglur 3, 4, og 5 í eintölu!		
			a → e    ú → ý    á → æ o → e    jú → ý ö → e    jó → ý    au → ey		

## Sagnir – reglur 3, 4, 5

a, o og ö → e í eintölu		
ganga <sup>*3</sup>	ég geng	við göngum
halda <sup>*3</sup>	ég held	við höldum
standa <sup>*3</sup>	ég stend	við stöndum
taka <sup>*3</sup>	ég tek	við tökum
koma <sup>*3</sup>	ég kem	við komum
slökkva <sup>*3</sup>	ég slekk	við slökkvum
fara <sup>*5</sup>	ég fer	við förum

að ganga <sup>*3</sup>	
ég geng	við göngum
þú gengur	þið gangið
hann gengur	þeir ganga
hún gengur	þær ganga
það gengur	þau ganga

jó, jú og ú → ý í eintölu		
bjóða <sup>*3</sup>	ég býð	við bjóðum
brjóta <sup>*3</sup>	ég brýt	við brjótum
sjóða <sup>*3</sup>	ég sýð	við sjóðum
ljúga <sup>*3</sup>	ég lýg	við ljúgum
búa <sup>*4</sup>	ég bý	við búum
snúa <sup>*4</sup>	ég sný	við snúum

að búa <sup>*4</sup>	
ég bý	við búum
þú býrð	þið búið
hann býr	þeir búa
hún býr	þær búa
það býr	þau búa

á → æ í eintölu (mjög fáar sagnir)		
láta <sup>*3</sup>	ég læt	við látum
gráta <sup>*3</sup>	ég græt	við grátum
ráða <sup>*3</sup>	ég ræð	við ráðum
fá <sup>*4</sup>	ég fæ	við fáum
ná <sup>*4</sup>	ég næ	við náum

að fá <sup>*4</sup>	
ég fæ	við fáum
þú færð	þið fáið
hann fær	þeir fá
hún fær	þær fá
það fær	þau fá

au → ey í eintölu (mjög fáar sagnir)		
hlaupa <sup>*3</sup>	ég hleyp	við hlaupum
auka <sup>*3</sup>	ég eyk	við aukum

Sérstakar sagnir: þvo og sjá		
þvo <sup>*4</sup>	ég þvæ	við þvoum
sjá <sup>*4</sup>	ég sé	við sjáum

Breytist ekki – e og i		
vinna <sup>*3</sup>	ég vinn	við vinnum
lesa <sup>*5</sup>	ég les	við lesum

að lesa <sup>*5</sup>	
ég les	við lesum
þú lest	þið lesið
hann les	þeir lesa
hún les	þær lesa
það les	þau lesa

## Sagnareglur: Þátíð

Regla	1 (veikar)	2 (veikar)	3 (sterkar)	4 (sterkar)	5 (sterkar)
<i>að</i>	<i>tala</i>	<i>læra</i>	<i>vinna/koma</i>	<i>fá</i>	<i>fara/lesa</i>
ég	talaði	lærði	vann/kom	fékk	fór/las
þú	talaðir	lærðir	vannst/komst	fékkst	fórst/last
hann	talaði	lærði	vann/kom	fékk	fór/las
hún	talaði	lærði	vann/kom	fékk	fór/las
það	talaði	lærði	vann/kom	fékk	fór/las
við	töluðum	lærðum	unnum/komum	fengum	fórum/lásu
þið	töluðuð	lærðuð	unnuð/komuð	fenguð	fóruð/lásuð
þeir	töluðu	lærðu	unnu/komu	fengu	fóru/lásu
þær	töluðu	lærðu	unnu/komu	fengu	fóru/lásu
þau	töluðu	lærðu	unnu/komu	fengu	fóru/lásu

### Lýsingarháttur þátíðar:

Nokkrar reglur	1	2	3	4	5
Athugaðu! Í öllum sögnum breytist <b>a</b> → <b>ö</b> ef það er /u/ í endingunni <b>Dæmi:</b> tala* <sup>1</sup> við töluðum vaka* <sup>2</sup> þeir vöktu	<b>Allar sagnir í reglu 1 beygjast eins í þátíð.</b>	<b>Þátíðarendingar fyrir reglu 2:</b> +ði +di +ti <b>Dæmi:</b> að læra <sup>2</sup> ég lærði í gær að reyna <sup>2</sup> ég reyndi í gær að læsa <sup>2</sup> ég læsti í gær	<b>Í sterkum sögnum (reglur 3, 4 og 5) eru ýmsar hljóðbreytingar í þátíð.</b>  <b>Kennimyndir sterkra sagna í þátíð:</b> 1) í – ei – i – i (bíta – beit – bitum – bitið) 2) e/i – a – u – o/u (drekka – drakk – drukkum – drukkið) 3) jó/jú – au – u – o (bjóða – bauð – buðum – boðið) 4) e – a – á – o (bera – bar – bárum – borið) 5) i/e – a – á – e (gefa – gaf – gáfum – gefið) 6) a – ó – ó – a/e (fara – fór – fórum – farið)		

## Þátíð: Regla 2

+ -ð-	+ -d-	+ -t-
að ger/a → ég gerði	að gleym/a → ég gleymdi	að bæt/a → ég bætti
að horf/a → ég horfði	að reyn/a → ég reyndi	að brosa → ég brosti
að leig-j/a → ég leigði	að skil-j/a → ég skildi	að vak/a → ég vakti
	að greið*/a → ég greiddi	að æp/a → ég æpti
	*(ð = dd í þátíð)	að synd*/a → ég synti
		*(d hverfur og verður t)
<p><b>Athugaðu!</b>            að hætt/a → ég <b>hætti</b> (nt) og ég <b>hætti</b> (þt)  <b>tt</b> í stofni = bæði í nútíð og þátíð            að segja → ég <b>sagði</b> og við <b>sögðum</b> (þt)            að kaupa → ég <b>keypti</b> og við <b>keyptum</b> (þt)</p>		

## Kennimyndir sterkra sagna

nafnháttur	ég ...	við ...	ég hef .../ég get ...
<b>í</b> bíða líða kvíða	<b>ei</b> beið leið kveið	<b>i</b> biðum liðum kviðum	<b>i</b> beðið liðið kviðið
<b>jó/jú</b> bjóða fljúga	<b>au</b> bauð flaug	<b>u</b> buðum flugum	<b>o</b> boðið flogið
<b>e/i</b> detta drekka skreppa vinna verða	<b>a</b> datt drakk skrapp vann varð	<b>u</b> duttum drukkum skruppum <b>unnum</b> <b>urðum</b>	<b>o/u</b> dottið drukkið skroppið <b>unnið</b> <b>orðið</b>
<b>e</b> bera sofa	<b>a</b> bar svaf	<b>á</b> bárum sváfum	<b>o</b> borið sofið
<b>i/e</b> ákveða biðja gefa geta lesa liggja sjá vera	<b>a</b> ákvað bað gaf gat las lá sá var	<b>á</b> ákváðum báðum gáfum gátum lásum lágum sáum vorum	<b>e</b> ákveðið beðið gefið getað lesið legið séð verið
<b>a</b> fara hlæja taka	<b>ó</b> fór hló tók	<b>ó</b> fórum hlógum tókum	<b>a/e</b> farið hlegið tekið
<b>Nokkrar fleiri!</b>			
búa fá ganga hlaupa koma	bjó fékk gekk hljóp kom	bjuggum fengum gengum hlupum komum	búið fengið gengið hlaupið komið

## Óreglulegar sagnir

	<i>að vera*</i>		<i>að eiga*</i>		<i>að þurfa*</i>	
	nú tíð	þá tíð	nú tíð	þá tíð	nú tíð	þá tíð
ég	er	var	á	átti	þarf	þurfti
þú	ert	varst	átt	áttir	þarft	þurftir
hann	er	var	á	átti	þarf	þurfti
hún						
það	erum	vorum	eigum	áttum	þurfum	þurftum
við						
þið	eruð	voruð	eigið	áttuð	þurfið	þurftuð
þeir	eru	voru	eiga	áttu	þurfa	þurftu
þær						
þau						

  

	<i>að kunna*</i>		<i>að vita</i>		<i>að vilja*</i>	
	nú tíð	þá tíð	nú tíð	þá tíð	nú tíð	þá tíð
ég	kann	kunni	veit	vissi	vil	vildi
þú	kannt	kunnir	veist	vissir	vilt	vildir
hann	kann	kunni	veit	vissi	vill	vildi
hún						
það	kunnum	kunnum	vitum	vissum	viljum	vildum
við						
þið	kunnið	kunnuð	vitið	vissuð	viljið	vilduð
þeir	kunnu	kunnu	vita	vissu	vilja	vildu
þær						
þau						

## Hjálparsagnir

### *að vera illt í ...*

(nf)	þgf		þgf	(nf)
(ég)	<b>mér</b>	<b>er illt í</b>	<b>höfðinu</b>	(höfuðið)
(þú)	þér		maganum	(maginn)
(hann)	honum		fætinum	(fóturinn)
(hún)	henni		hendinni	(höndin)
(það)	því		bakinu	(bakið)
(við)	okkur		hálsinum	(hálsinn)
(þið)	ykkur		augunum	(augun)
(þeir)	þeim		eyrunum	(eyrun)
(þær)	þeim			
(þau)	þeim			

### *að vera með ...*

	þgf
ég er með	höfuðverk
þú ert með	kvef
hann er með	hósta
hún er með	túrverki
það er með	hita
við erum með	svima
þið eruð með	vöðvabólgu
þeir eru með	ofnæmi
þær eru með	hálsbólgu
þau eru með	flensu

**skulu\* ...**

ég þú hann/hún/það	<b>skal</b> <b>skalt</b> <b>skal</b>	vaska upp í dag! hringja í kennarann.
við þið þeir/þær/þau	<b>skulum</b> <b>skuluð</b> <b>skulu</b>	tala saman. fara út með ruslið.

**Lýsingarháttur með geta og hafa**

að geta + taka í lh. þt.		
ég þú hann/hún/það við þið þeir/þær/þau	get getur getur getum getið geta	<b>tekið</b> skilaboð

að hafa + fara í lh. þt.		
ég þú hann/hún/það við þið þeir/þær/þau	hef hefur hefur höfum hafið hafa	<b>farið</b> til London

**Ópersónulegar sagnir**

**-ar sagnir**

**Polfall + sögn**

**Págufall + sögn**

að langa nt/þt	að batna nt/þt
mig þig hann hana það okkur ykkur þá þær þau } <b>langar/langaði</b>	mér þér honum henni því okkur ykkur þeim þeim þeim } <b>batnar/batnaði</b>
að vanta: <b>Hann</b> vantar vinnu. að syfja: Syfjaði <b>þig</b> í skólanum í gær? að gruna: <b>Mig</b> grunar að ég fái hring í gjöf. að verkja: <b>Hana</b> verkjaði í fótinn eftir aðgerðina.	að versna: <b>Henni</b> versnar dag frá degi. að líka: <b>Þeim</b> líkaði ekki vel við lækinn. að sárna: <b>Mér</b> sárnar þegar þú talar illa um mig.

**-ir sagnir**

**Polfall + sögn nt/þt**

**Págufall + sögn nt/þt**

**að dreyma: dreymir/dreymdi**  
**Mig dreymir** á hverri nóttu.  
**Hann dreymdi** um að byggja stórt hús.

**að þykja: þykir/þótti**  
**Mér þykir** vænt um afa minn.  
**Henni þótti** vænt um hundinn sinn sem dó.

**að minna: minnir/minnti**  
**Mig minnir** að hann eigi afmæli í júní.  
**Okkur minnti** að flugið væri klukkan sjö.

**að léttta: léttir/létti**  
**Mér léttir** þegar prófið verður búið á morgun.  
**Honum létti** þegar aðgerðin var búin.

**-ur sagnir**

**Polfall + sögn nt/þt**

**Págufall + sögn nt/þt**

**að sviða: sviður/sveið**  
**Hana sviður** í sárið á fingrinum.  
**Barnið sveið** í munninn þegar það drakk heitt kakó.

**að ganga: gengur/gekk**  
**Mér gengur** vel að læra íslensku.  
Hvernig **gekk þér** í bílprófinu?

**að líða: líður/leið**  
**Mér líður** vel í nýju íbúðinni.  
**Okkur leið** illa í flugvélinni.

**-st sagnir (miðmyndarsagnir)**

**Págufall + sögn**

**að finnast: finnst/fannst**  
**Mér finnst** gaman að ferðast.  
**Okkur fannst** skemmtilegt á tónleikunum í gær.

**að leiðast: leiðist/leiddist**  
**Henni leiðist** að taka til og þrifa.  
**Honum leiddist** í leikhúsinu.

**að takast: tekst/tókst**  
**Ykkur tekst** örugglega að ná prófinu!  
**Tókst þér** að klára að mála um helgina?



## Miðmyndarsagnir (-st sagnir)

	að lagast	að fylgjast með	að komast	að snúast
<b>Nútið</b>				
ég	lagast	fylgist með	kemst	snýst
þú	lagast	fylgist með	kemst	snýst
hann/hún/það	lagast	fylgist með	kemst	snýst
við	lögumst	fylgjumst með	komumst	snúumst
þið	lagist	fylgist með	komist	snúist
þeir/þær/þau	lagast	fylgjast með	komast	snúast
<b>Pátíð</b>				
ég	lagaðist	fylgdist með	komst	snerist
þú	lagaðist	fylgdist með	komst	snerist
hann/hún/það	lagaðist	fylgdist með	komst	snerist
við	löguðumst	fylgdumst með	komumst	snerumst
þið	löguðust	fylgdust með	komust	snerust
þeir/þær/þau	löguðust	fylgdust með	komust	snerust

## Boðháttur

<b>Regla*<sup>1</sup> og stofn endar á sérhljóða +ðu</b>			
að tala	tala		Talaðu við mig!
að hlusta	hlusta	<b>+ðu</b>	Hlustaðu á mig!
að svara	svara		Svaraðu mér!
að ná	ná		Náðu í kaffi fyrir mig!
<b>Sérhljóði + g/r/f, +ðu á stofn</b>			
að segja	seg		Segðu mér satt!
að fara	far	<b>+ðu</b>	Farðu út!
að drífa	dríf		Drífðu þig!
<b>Sérhljóði + m/n/l + du á stofn</b>			
að koma	kom		Komdu inn!
að reyna	reyn	<b>+du</b>	Reyndu betur!
að velja	vel		Veldu rétt!
<b>Sérhljóði +ð + ddu á stofn (ð breytist í d)</b>			
að bíða	bí(ð)	<b>+ddu</b>	Bíddu aðeins!
<b>Sérhljóði + s/p/t/k + tu á stofn</b>			
að lesa	les		Lestu bókina!
að hlaupa	hlaup	<b>+tu</b>	Hlauptu!
að láta	lát		Láttu ekki svona!
að sækja	sæk		Sæktu um vinnuna!
<b>Ýmislegt óreglulegt</b>			
að standa			Stattu upp!
að hringja			Hringdu í mig!
að horfa			Horfðu á mig!
að ganga			Gakktu til mín!
að setjast			Sestu niður!

## Viðtengingarháttur 1 og 2

	að ganga	að geta	að hafa	að verða
	v1/v2	v1/v2	v1/v2	v1/v2
ég	gangi/gengi	geti/gæti	hafi/hefði	verði/yrði
þú	gangir/gengir	getir/gætir	hafir/hefðir	verðir/yrðir
hann/hún/það	gangi/gengi	geti/gæti	hafi/hefði	verði/yrði
við	göngum/gengjum	getum/gætum	höfum/hefðum	verðum/yrðum
þið	gangið/gengjuð	getið/gætuð	hafið/hefðuð	verðið/yrðuð
þeir/þær/þau	gangi/gengju	geti/gætu	hafi/hefðu	verði/yrðu

	munu	að fá	að eiga	að vera
	v1/v2	v1/v2	v1/v2	v1/v2
ég	muni/myndi	fái/fengi	eigi/ætti	sé/væri
þú	munir/myndir	fáir/fengir	eigir/ættir	sért/værir
hann/hún/það	muni/myndi	fái/fengi	eigi/ætti	sé/væri
við	munum/myndum	fáum/fengjum	eigum/ættum	séum/værum
þið	munuð/mynduð	fáið/fengjuð	eigið/ættuð	séuð/væruð
þeir/þær/þau	munu/myndu	fái/fengju	eigi/ættu	séu/væru

## Smáorð

### Spurnarorð

	Spurning	Svar
Af hverju	<b>Af hverju</b> ertu að læra íslensku?	<b>Af því að</b> ég bý á Íslandi.
Hvaða	<b>Hvaða</b> mál talar þú?	Ég tala ensku og frönsku.
Hvaðan	<b>Hvaðan</b> ertu?	Ég er <b>frá</b> Víetnam.
Hvar	<b>Hvar</b> áttu heima?	Ég á heima á Sauðárkróki.
Hvenær	<b>Hvenær</b> áttu afmæli?	Ég á afmæli 4. mars.
Hvernig	<b>Hvernig</b> gengur í skólanum?	Það gengur vel.
	<b>Hvernig</b> líður þér?	Mér líður sæmilega.
	<b>Hvernig</b> ferðu í vinnuna?	Ég hjóla í vinnuna.
Hvers vegna	<b>Hvers vegna</b> komstu til Íslands?	<b>Vegna þess</b> að ég fékk vinnu hér.
Hversu	<b>Hversu</b> margir eru í bekknum?	Það eru fimmtán í bekknum.
	<b>Hversu</b> oft ferðu í sund?	Tvisvar í viku.
Hvert	<b>Hvert</b> ferðu í sumar?	Ég fer <b>til</b> Tyrklands í sumar.
Til hvers	<b>Til hvers</b> ertu í námi?	<b>Til þess</b> að auka möguleika mína.

**Mundu eftir:** Hver/Hvað er fornafn og fallbeygist.  
Hvor/Hvort er fornafn og fallbeygist.

## Atviksorð

### Staðaratviksorð

#### Hvar? Hvert?

##### Hvar ertu?

Ég er **hér**.  
Ég er **hérna**.  
Þú ert **þarna**.

##### Hvenær ferðu í skólann?

Ég **fer þangað** kl. 8.  
Hvenær **kemurðu hingað**?  
Ég **kem** kl. 7.

Hvernig fer ég þangað?	Hvert fer ég?	Hvar er ég?
Þú ferð <b>beint áfram</b> . Þú ferð <b>til hægri</b> . Þú ferð <b>til vinstri</b> . Þú ferð <b>til baka</b> .	Þú ferð <b>upp</b> . Þú ferð <b>niður</b> . Þú ferð <b>inn</b> . Þú ferð <b>út</b> . Þú ferð <b>heim</b> .	Þú ert <b>uppi</b> . Þú ert <b>niðri</b> . Þú ert <b>inni</b> . Þú ert <b>úti</b> . Þú ert <b>heima</b> .

### Önnur atviksorð

... sem standa með sagnorðum eða lýsingarorðum og lýsa þeim

#### Hvernig?

<b>vel</b> Mér líður <b>vel</b> . Þú syngur <b>vel</b> ! Það gengur <b>vel</b> í skólanum.  <b>illa</b> Mér líður <b>illa</b> . Mér líst <b>illa</b> á veðrið. Hann lítur <b>illa</b> út.	<b>mjög</b> Það er <b>mjög</b> kalt úti. Mér líður mjög <b>vel</b> .  <b>rosalega</b> Það er <b>rosalega</b> heitt á Indlandi.	<b>frekar</b> Það var <b>frekar</b> leiðinlegt á tónleikunum.  <b>dálítið</b> Það er <b>dálítið</b> myndinn þáttur í sjónvarpinu í kvöld.
-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

... sem lýsa tíma

<b>alltaf</b> Ég borða <b>alltaf</b> morgunmat. Hann hefur <b>alltaf</b> verið góður vinur minn.  <b>oft</b> Ég fer <b>oft</b> í bað. Hún hefur <b>oft</b> sagt góðar sögur.  <b>stundum</b> Ég fer <b>stundum</b> í klippingu. Hann hefur <b>stundum</b> gleymt lyklunum heima.	<b>sjaldan</b> Ég fer <b>sjaldan</b> í nudd. Við höfum <b>sjaldan</b> farið til útlanda.  <b>aldrei</b> Ég fer <b>aldrei</b> á listasöfn. Þeir hafa <b>aldrei</b> séð norðurljósín.
----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

## Forsetningar

### Staðarforsetningar

... sem stýra þolfalli

#### *fyrir aftan*

Glugginn er **fyrir aftan** lampann.

#### *fyrir framan*

Lampinn er **fyrir framan** gluggann.

#### *hægra megin við*

Baðherbergið er **hægra megin við** eldhúsið.

#### *vinstra megin við*

Eldhúsið er **vinstra** megin við baðherbergið.

#### *fyrir ofan*

Ljósið er **fyrir ofan** borðið.

... sem stýra þágufalli

#### *við hliðina á*

Stofan er **við hliðina á** eldhúsinu.

#### *á móti*

Bankinn er **á móti** pósthúsinu.

... sem stýra eignarfalli

#### *(á) milli*

Eldhúsið er **á milli** stofunnar og baðherbergisins.

Leyndarmálið er **á milli** mín og þín.

... sem stýra þolfalli eða þágufalli

#### **þolfall**

##### *á*

Ég set bókina **á** borðið.

Ég fer **á** kaffihús.

##### *í*

Ég set bókina **í** töskuna.

Ég fer **í** vinnuna.

##### *undir*

Kisan fer **undir** borðið.

##### *yfir*

Ég fer **yfir** götuna.

#### **þágufall**

##### *á*

Bókin er **á** borðinu.

Ég er **á** kaffihúsi.

##### *í*

Bókin er **í** töskunni.

Ég er **í** vinnunni.

##### *undir*

Kisan er **undir** borðinu.

##### *yfir*

Brúin er **yfir** götunni.

## Aðrar forsetningar

... sem stýra þolfalli

#### *um*

Hann er alltaf að hugsa **um** hana.

Bókin er **um** kínverskan mann.

#### *við*

Talaðu **við** mig!

Húsið stendur **við** aðalgötuna.

... sem stýra þágufalli

#### *hjá*

Er veislan heima **hjá** honum?

Ég gleymdi símanum **hjá** vinkonu minni.

#### *frá*

Er bréfið **frá** þér?

Við gengum **frá** þvottinum.

#### *af*

Er þessi peysa **af** þér?

Ég tók mynd **af** börnunum.

#### *úr*

Tannlæknirinn dró tönn **úr** mér.

Farðu **úr** jakkanum!

... sem stýra þolfalli eða þágufalli

þolfall	þágufall
<b>með</b> Ég fór <b>með</b> hann til læknis. Farðu út <b>með</b> ruslið.	<b>með</b> Viltu koma <b>með</b> mér í leikhús? Viltu brauð <b>með</b> osti?
<b>fyrir</b> Hringdu í lækinn <b>fyrir</b> mig!	<b>fyrir</b> Ég kom til Íslands <b>fyrir</b> mörgum árum.
<b>eftir</b> Bókin er <b>eftir</b> góðan rithöfund.	<b>eftir</b> Vertu á <b>eftir</b> mér í röðinni.

... sem stýra eignarfalli

<b>til</b> Gjöfin er <b>til</b> þín. Ertu að fara <b>til</b> Spánar?
<b>án</b> Ég get ekki lifað <b>án</b> þín. Ég sé ekkert <b>án</b> gleraugna.
<b>auk</b> <b>Auk</b> fjölskyldunnar, buðu þau öllum vinum sínum í brúðkaupið.
<b>vegna</b> Hann kom til Íslands <b>vegna</b> vinnunnar.

## Samtengingar

Samtengingar tengja saman orð eða setningar.

<b>og</b> Dísa <b>og</b> Jón eru gift. Ég ætla að fara í bæinn <b>og</b> kaupa mér föt.
<b>þegar</b> <b>Þegar</b> ég var sjö ára fór ég til Ítalíu. Ég kaupí skó <b>þegar</b> ég fæ útborgað.
<b>eða</b> Hvort viltu kaffi <b>eða</b> te? Er hann giftur <b>eða</b> er hann einhleypur? Hún ætlar annaðhvort til London <b>eða</b> Parísar í fríinu.
<b>þótt</b> Hún fór í vinnuna <b>þótt</b> hún væri veik.
<b>þó að</b> Við ætlum að kaupa nýja tölvu <b>þó að</b> við séum blönk.
<b>ef</b> Ég myndi fara til Kína <b>ef</b> ég ætti mikinn pening.